

Umsögn Vantrúar um tillögu til [bingsálvktunar um ráðstöfun útvarpsgjalda](#)
151. lögjafarþing - þingskjal 566 - 397. mál.

Við gerum ekki athugasemdir við efni frumvarpsins, en viljum benda á að eftirfarandi efnisgrein í greinargerðinni byggir á misskilningi:

Nefskattur á borð við útvarpsgjald þekkist nú þegar í lögum um sóknargjöld. Þar er kveðið á um að þjóðkirkjusöfnuðir og skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög samkvæmt lögum um þau skuli eiga ákveðna hlutdeild í tekjuskatti sem lagður er á samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt. Er það val skattgreiðenda til hvaða safnaðar gjaldið rennur. Ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu að útfæra útvarpsgjaldið á svipaðan hátt, t.d. þannig að skattskyldur aðili tilgreini á skattframtali hverju sinni hvert hann vill beina hluta útvarpsgjaldsins.

Nefskattur er skattur sem er lagður jafnt á alla einstaklinga.

Sóknargjöld eru ekki skattur. Sóknargjöld eru framlög úr ríkissjóði til trú- og lífsskoðunarfélaga. Framlagið er reiknað út frá fastri upphæð auk fjölda þeirra sem ákveða að upphæðin renni til viðkomandi félags. Þar sem engin sóknargjöld eru innheimt (hvorki föst upphæð né breytileg) er ekki um skatt, hvað þá nefskatt, að ræða.

Þetta hefur Umboðsmaður Alþingis staðfest (sjá t.d. mál nr 8118/2014¹) og nýlega útskýrði fjármálaráðuneytið þetta ítarlega í samantekt um umsagnir við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2021, þar sem segir:

Hvað varðar fyrirkomulag sóknargjalda þá gera lög nr. 91/1987, um sóknargjöld o.fl., ráð fyrir að ríkissjóður greiði mánaðarlegt framlag til þjóðkirkjusafnaða og skráðra trúfélaga miðað við tiltekið einingarverð fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri. Lögin kveða á um að greiðslur til þessara aðila skuli byggja á fjölda einstaklinga samkvæmt skráningu í trúfélög í lok undangengins árs auk þess sem fjárhæð gjaldsins skal taka breytingu sem nemur hækkun á meðaitekjuskattsstofni einstaklinga á öllu landinu milli næstliðinna tekjuára. Þrátt fyrir að í lögnum sé kveðið á um að framlagið sé ákveðin hlutdeild í tekjuskatti þá hefur sú framsetning þó ekki haft sérstaka þýðingu fyrir fyrirkomulag þessara mála þar sem engin sérgreind sóknargjöld eru innheimt af ríkinu, hvorki af þeim sem greiða tekjuskatt né þeim sem eru undir skattieysismörkunum. Framlög vegna sóknargjalda eru greidd úr ríkissjóði af almennu skattfé og öðrum tekjum ríkisins, óháð innheimtu tekjuskatts og kerfisbreytingum á honum. Þetta kemur m.a. fram í því að framlögin eru greidd úr ríkissjóði þrátt fyrir að umtalsverður hluti framteljenda greiði engan tekjuskatt til ríkisins.²

Ef þingmenn vilja breyta sóknargjöldum í raunverulegan nefskatt, myndi Vantrú fagna því. En sóknargjöld eru framlög úr ríkissjóði, ekki nefskattur.

fyrir hönd Vantrúar,
Hjalti Rúnar Ómarsson, gjaldkeri Vantrúar

¹ "Þá benti umboðsmaður á að um gjöld til lífsskoðunar- og trúfélaga væri fjallað í lögum nr. 91/1987, um sóknargjöld o.fl. Af ákvæðum þeirra laga leiddi að í reynd innheimti ríkið engin sóknargjöld heldur væru um að ræða að framlagið væri reiknað samkvæmt lögum á grundvelli tiltekinna viðmiða, þ.e. „hlutdeild í tekjuskatti“. - <https://www.umbodsmadur.is/alit-og-bref/mal/nr/6399/skoda/reifun>

² <https://www.althingi.is/altext/erindi/151/151-479.pdf> (bls. 4)